98

| | | kr. | a. | kr. | a. |
|---|---|---|---|---|---|
| | Flyt | 3700 | » | 156 | » |
| c. | Ógreiddir vextir til 11. júní 1882 | 8 | » | | |
| d. | Í peningum hjá reikningshaldara | 191 | 36 | 3899 | 36 |
| | Gjöld alls | | | 4055 | 36 |

Reykjavík 1. júní 1883.

*Magnús Stephensen,*
settur.

# Ágrip

99

af reikningum, sem eru undir stjórn amtsráðs vesturumdæmisins.

*Jafnaðarsjóður vesturamtsins 1882.*

Tekjur:

| | | kr. | a. | kr. | a. |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Eptirstöðvar við árslok 1881: | | | | |
| | a. Utistandandi af jafnaðarsjóðsgjaldi | 95 | 19 | | |
| | b. Í peningum | 748 | 45 | 843 | 64 |
| 2. | Niðurjöfnun á lausafje í amtinu 1882, 30 aurar af hundraði hverju: | | | | |
| | a. Í Mýrasýslu | 665 | 21 | | |
| | b. Í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu | 495 | 75 | | |
| | c. Í Dalasýslu | 641 | 70 | | |
| | d. Í Barðastrandarsýslu | 385 | 71 | | |
| | e. Í Ísafjarðarsýslu og kaupstað | 597 | 60 | | |
| | f. Í Strandasýslu | 428 | 50 | 3214 | 47 |
| 3. | Innkomið fyrir Levys kennslubók í yfirsetukvennafræði, 7 exp | | | 14 | » |
| | Tekjur alls | | | 4072 | 11 |

Gjöld:

| | | kr. | a. | kr. | a. |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Til sakamála, lögreglumála og gjafsóknarmála | | | » | » |
| 2. | Til bólusetninga og annara heilbrigðismálefna | | | 260 | 62 |
| 3. | Kostnaður við kennslu heyrnar- og málleysingja | | | 220 | » |
| 4. | Endurgjald kostnaðarins við byggingu fangahúsanna í Stykkishólmi og á Ísafirði: | | | | |
| | a. Sjöunda afborgun (1/15) af láninu, sem var upphaflega 19380 kr. | 1292 | » | | |
| | b. Ársvextir af 11628 kr. | 465 | 12 | 1757 | 12 |
| 5. | Kostnaður við amtsráðið | | | 408 | 50 |
| 6. | Ýmisleg útgjöld | | | 61 | 53 |
| 7. | Eptirstöðvar við árslok 1882: | | | | |
| | a. Útistandandi jafnaðarsjóðsgjald | 625 | 40 | | |
| | b. Í peningum | 738 | 94 | 1364 | 34 |
| | Gjöld alls | | | 4072 | 11 |

99 *Búnaðarsjóður vesturamtsins 1882.*

Tekjur:

| | | kr. | a. | kr. | a. |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Eptirstöðvar við árslok 1881: | | | | |
| | a. Í ríkisskuldabrjefum | 2500 | » | | |
| | b. Í skuldabrjefum einstakra manna | 8130 | » | | |
| | c. Ogoldnir vextir | 102 | 52 | | |
| | d. Í peningum | 220 | 31 | 10952 | 83 |
| 2. | Leigur af vaxtafje sjóðsins 1881 | | | 429 | 87 |
| 3. | Tillag úr landssjóði, samkvæmt landshöfðingjabrjefi 31. júlí 1882, til búnaðarsjóðsins og búnaðarfjelaga | | | 2466 | 66 |
| | Tekjur alls | | | 13849 | 36 |

Gjöld:

| | | kr. | a. | kr. | a. |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Styrkur til kennslustofnunarinnar í Ólafsdal | | | 2060 | » |
| 2. | Styrkur til launa handa tveim jarðyrkjumönnum í Strandasýslu | | | 200 | » |
| 3. | Styrkur til Jóseps Jakobssonar á Sauðafelli til búfræðisnáms í Skotlandi | | | 150 | » |
| 4. | Uppí laun Sveins búfræðings Sveinssonar | | | 400 | » |
| 5. | Eptirstöðvar við árslok 1882: | | | | |
| | a. Í ríkisskuldabrjefum | 2500 | » | | |
| | b. Í skuldabrjefum einstakra manna | 8130 | » | | |
| | c. Ógoldnir vextir | 205 | 72 | | |
| | d. Í peningum | 203 | 64 | 11039 | 36 |
| | Gjöld alls | | | 13849 | 36 |

*Búnaðarskólagjald í vesturamtinu 1882.*

Tekjur:

| | | kr. | a. | kr. | a. |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Eptirstöðvar við árslok 1881: | | | | |
| | a. Í ríkisskuldabrjefum | 1000 | » | | |
| | b. Í veðskuldabrjefum | 4550 | » | | |
| | c. Óborgaðir vextir | 32 | » | | |
| | d. Óborgað búnaðarskólagjald | 205 | 73 | | |
| | e. Í peningum | 803 | 49 | 6591 | 22 |
| 2. | Vextir | | | 178 | 06 |
| 3. | Búnaðarskólagjald 1882 | | | 637 | 99 |
| 4. | Innborguð lán á árinu | | | 100 | » |
| 5. | Keypt konungleg skuldabrjef, sbr. gjaldlið 3, með rentum frá $^{11}/_{12}$ 1882 | | | 1500 | » |
| 6. | Móti gjaldlið 1 færist til jafnaðar | | | 300 | » |
| 7. | Reikningshaldari á hjá sjóðnum | | | 14 | 37 |
| | Tekjur alls | | | 9321 | 64 |

Gjöld:

| | | kr. | a. |
|---|---|---|---|
| 1. | Lánað út mót veði og 4 $^0/_0$ vöxtum | 300 | » |
| 2. | Móti tekjulið 4 færist til jafnaðar | 100 | » |
| 3. | Keypt kgl. ríkisskuldabrjef, að upphæð 1500 kr., fyrir | 1477 | 50 |
| | Flyt | 1877 | 50 |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | kr. | a. | 99 |
| | | Flyt | | 1877 | 50 | |
| 4. Eptirstöðvar við árslok 1882: | kr. | a. | | | | |
| a. Í ríkisskuldabrjefum | 2500 | » | | | | |
| b. Í veðskuldabrjefum | 4750 | » | | | | |
| c. Óborgaðir vextir | 32 | » | | | | |
| d. Óborgað búnaðarskólagjald | 162 | 14 | | 7444 | 14 | |
| | | Gjöld alls | | 9321 | 64 | |

Reykjavík 1. júní 1883.

*Magnús Stephensen,*
settur.

**Brjef landshöfðingja** *til sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu* **um aðflutningsgjald af vínföngum, sem ætluð eru til skipsforða.** — Með þóknanlegu brjefi yðar, herra sýslumaður, dags. 17. f. m., hafið þjer sent mjer með ummælum yðar erindi N. Chr. Grams kaupmanns, þar sem hann fer þess á leit að fá endurgoldnar 215 kr. 40 a., sem hann samkvæmt kröfu yðar hefur greitt í aðflutningsgjald af vínföngum, sem fluttust með skipinu «Garðar», en voru ætluð til skipsforða handa 3 fiskiskipum hjer við land. 100 31. ágúst.

Útaf þessu vil jeg þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda, að jeg er yður samdóma um, að aðflutningsgjalds hafi með rjettu verið krafizt af ofangreindum vínföngum, og að jeg því eigi sje mjer fært að verða við beiðni Grams kaupmanns, þeirri er hjer ræðir um.

**Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu* **um sameiginlegan búnaðarskóla á Hólum í Hjaltadal.** — Í þóknanlegu brjefi, dags. 12. júní þ. á. hafið þjer, herra amtmaður, í nafni amtsráðsins borið það undir úrskurð minn, hvort fá skuli sýslunefndunum í Húnavatnssýslu og Eyjafjarðarsýslu, samkvæmt beiðni þeirra, til umráða tiltölulegan hluta þessara sýslna úr búnaðarskólasjóðnum og leyfa, að búnaðarskólagjaldið renni framvegis beint til þeirra, með tilliti til þess, að ráðgjört er, að sýslur þessar gangi í samband við Skagafjarðarsýslu um sameiginlegan búnaðarskóla á Hólum í Hjaltadal. 101 26. sept.

Útaf þessu vil jeg hjermeð þjónustusamlega tjá yður, að jeg er yður samdóma um, að eigi sje tiltækilegt að verða við ofannefndri beiðni sýslunefndanna, fyrr en samningur er á kominn milli sýslnanna um skólahaldið, sem sje samþykktur á löglegan hátt af hverri sýslunefndinni fyrir sig.

## STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.

Samkvæmt fjárlögunum fyrir 1882 og 1883

10. gr. C. 4.

Samþykkt tillaga sýslunefndarinnar í Austur-Skaptafellssýslu um að verja megi hluta sýslu þessarar, 170 kr, til að kaupa fyrir jarðyrkjuverkfæri til útbýtingar meðal hreppa sýslunnar.

Jóni Sigfússyni frá Núpufelli veittur eptir tillögu amtsráðsins í norður- og austuramtinu 600 kr. styrkur til að ljúka búfræðisnámi sínu á búnaðarskólanum á Tvedt í Noregi.